

Frístundastyrkur

Frístundastyrkur fyrir börn og ungmenni í Dalabyggð

1. Markmið og tilgangur

Dalabyggð styrkir tómstundaiðkun barna og ungmenna á aldrinum 0-18 ára. . Markmið framlagsins er að hvetja börn og ungmenni með lögheimili í Dalabyggð til að taka þátt í skipulögðu íþrótt- lista og tómstundastarfi óháð staðsetningu og að öll börn 0 -18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu tómstundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Dalabyggð vill með þessu ýta undir aukna hreyfingu og virkni í félagsþátttöku 0-18 ára barna.

2. Frístundastyrkur

Frístundastyrkur er 20.000 krónur á ári fyrir börn og ungmenni á aldrinum 6-18 ára og 10.000 krónur á ári fyrir börn á aldrinum 0-5 ára sem hafa lögheimili í Dalabyggð. Styrkupp hæðin ákvarðast við gerð fjárhagsáætlunar og gildir frá 1.janúar til og með 31.desember ár hvert.

Frístundastyrkurinn gildir fyrir þátttöku- og æfingagjöldum. Styrkurinn gildir ekki sem greiðsla fyrir búnaði vegna keppni eða þjálfunar.

Foreldrar og forráðamenn geta skoðað stöðu og nýtingu frístundastyrks sinna barna inn á þjónustugátt Dalabyggðar á heimasíðunni www.dalir.is.

3. Framkvæmd frístundastyrks

Ekki er um beingreiðslur til forráðamanna að ræða, heldur hafa þeir rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barns síns til niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum.

- Forráðamenn skrá iðkendur í Abler kerfið í gegnum viðkomandi félag.
- Í skráningarferlinu, þar sem er m.a. gengið frá greiðslu námskeiðs velja forráðamenn að ráðstafa styrk iðkandans hjá viðkomandi félagi/deild/fyrirtæki rafrænt.
- Ekki er hægt að ráðstafa hærrí upphæð til félags en námskeiðið kostar.
- Þegar forráðamaður staðfestir þátttöku barns fær viðkomandi félag/deild/fyrirtæki og Dalabyggð staðfestingu þar um.
- Dalabyggð greiðir frístundastyrki til viðkomandi félags í byrjun hvers mánaðar fyrir skráða styrki mánuðinn á undan.
- Ónýttir frístundastyrkir flytjast/geymast ekki milli ára.

Í þeim tilvikum þar sem ekki er unnt að nota Abler kerfið til ráðstöfunar styrknum, sbr. tónlistarskóla Auðarskóla, er mögulegt að senda umsókn fyrir námskeiðskaupum á skrifstofu Dalabyggðar, á dalir@dalir.is og mun styrkurinn vera millifærður á viðkomandi ef ekki er búið að ráðstafa styrknum til annarrar frístundaiðkunar.

4. Skilgreining á þátttökurétti félaga

Til að taka við frístundastyrk verða félög að:

- Vera með skilgreinda starfsemi sem fellur undir markmið reglna þessara
- Æfing/námskeið sé stundað undir leiðsögn viðurkenndra þjálfara, leiðbeinanda eða kennara.
- Hafa rekstur undir eigin kennitölu
- Reka íþrótt-, tómsunda- eða/og æskulýðsstarfsemi

Öll félög sem uppfylla ofangreind skilyrði og hafa tengingu við Abler kerfið geta óskað eftir samstarfi við Dalabyggð vegna greiðslu á frístundastyrk.

Félög sem óska eftir að taka við frístundastyrk þurfa að sækja um það til Dalabyggðar í gegnum dalir@dalir.is með nánari upplýsingum um frístundastarf viðkomandi aðila og ósk um að tengjast við kerfi Dalabyggðar innan Abler skráningarkerfisins.

5. Undanþágur og vafaatriði

Lýðheilsufulltrúi Dalabyggðar hefur umsjón með frístundastyrk til barna og ungmenna í Dalabyggð og veitir nánari upplýsingar þar um. Lýðheilsufulltrúi getur borið mál varðandi frístundastyrk undir sveitarstjóra eða staðgengil hans sem hafa heimild til að veita undanþágu frá þessum reglum. Fyrirgreindir aðilar skera úr um vafaatriði sem upp geta komið. Brot félaga á reglum og skilyrðum fyrir frístundastyrknum getur leitt til endurskoðunar á leyfi til að taka við frístundastyrk Dalabyggðar. Komi upp mörg sambærileg undanþágumál skal fræðslunefnd vera upplýst um eðli þeirra mála og sé það skoðað hvort að endurskoða þurfi reglurnar.

Samþykkt í fræðslunefnd Dalabyggðar 3. desember 2024

Samþykkt/staðfest í sveitarstjórn Dalabyggðar 17. desember 2024